

## Skýrsla foreldraráðs fyrir skólaárið 2022-2023.

Í ár sátu fjórir foreldrar í foreldraráði og er það samrekið með foreldrafélaginu á þann hátt að sömu aðilar sitja í þeirri stjórn.

Í stjórn sitja: Andrea Ösp Pálsdóttir, Guðmundur Bragason, María Björk Gunnarsdóttir og Stefnir Gíslason.

Starf vetrarins hefur gengið vel. Haldnir hafa verið reglulegir fundir yfir árið og foreldraráð hefur verið í góðu samstarfi við leikskólastjóra.

Ráðið kom meðal annars að mótun skólanámsskrár fyrir í vetur.

Nú í vor fór leikskólastjóri einnig vel yfir drög að skóladagatali næsta vetrar, fór yfir innra mat leikskólans og kynnti starfsáætlun næsta árs. Foreldraráð gerir ekki athugasemdir við starfsáætlun né skóladagatal.

Þá tekur foreldraráð undir þær niðurstöður sem komu úr innra mati þar sem kemur fram að ánægja ríkir meðal foreldra með leikskólann og starf hans.

Ráðinu barst ein kvörtun frá foreldri. Sneri hún að samskiptum við leikskólann. Foreldrafélagið óskaði eftir að viðkomandi foreldri setti saman erindi um málið og ráðið kom því áfram til Byggðarsambands Odda sem kom því áfram í opinbert ferli.

Þá tekur foreldraráð undir þær niðurstöður sem komu fram í innra matinu. Þar komu fram athugasemdir um að bæta mætti leikaðstöðu utandyra við leikskólann. Bæta þyrfti umferðaröryggi á bílastæði. Klára merkingar og annan frágang við leikskólann. Einnig að bæta má upplýsingarstreymi til foreldra.

En heilt yfir var almenn ánægja með starf leikskólans á meðal foreldra.

Að lokum vill foreldraráðið vekja athygli á því að í Giljatanga búa 7 börn á leik og grunnskólaaldri ásamt 5 starfsmönnum úr grunn og leikskóla. Frá Giljatanga að skólasvæðinu þarf að þvera aðkomuveg að skólanum.

Þar sem íbúar Giljatanga þurfa að þvera að skólanum er ekkert sem bendir ökumönnum á umferð fótgangandi.

Þá er lýsingu mjög ábótavant og verið að bjóða hættunni heim á meðan ekkert er að gert á þessum stað, þar sem skólabílar og foreldrar eru að keyra börn í leik- eða grunnskóla, auk umferðar sem tengist tjaldsvæði.

Fyrir hönd foreldraráðs,  
María Björk Gunnarsdóttir